

Aðalfundur Fonts, félags smábátæigenda á NA-landi haldinn 27. september 2019

Tillögur til 35. aðalfundar LS 17. og 18. október 2019

1. Aðalfundur Fonts leggur til að strandveiðar verði með óbreyttu fyrirkomulagi með þeirri breytingu þó að í stað dagsafla komi vikuafl. Í stað 650 ígilda á dag verði heimilt að veiða 2.600 ígildi á viku, sunnudagur – fimmtudagur.

Greinargerð

Breytingunni er ætlað að minnka kolefnisspor við veiðarnar. Þegar langt er farið væri hagræði í meiri afla í hverri veiðiferð.

2. Aðalfundur Fonts vill að heimilt verði að flytja óveiddan strandveiðiafla milli ára eins og gildir um aðrar úthlutunir.
3. Aðalfundur Fonts leggur til að bryggjuskattur strandveiðibáta kr. 50.000 verði aflagður.
4. Aðalfundur Fonts er mótfallinn kvótasetningu á grásleppu.

Greinargerð: Sporin hræða.

5. Aðalfundur Fonts bendir á að hluti af viðbrögðum stjórnvalda við álitni mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna var að benda á stjórnun grásleppuveiða og strandveiða. Verði grásleppuveiðar kvótasettar krefst Fontur að veiðiheimildir til strandveiða verði auknar.
6. Aðalfundur Fonts krefst þess að ef til kvótasetningu grásleppu kemur, verði þess gætt að takmarkanir á fjölda neta og stærð báta, svæðaskipting og veiðitímabil verði óbreytt.
7. Aðalfundur Fonts leggur áherslu á að grásleppuleyfi sem legið hafa ónotuð í áraraðir og hafa ekki reynslu miðað við fyrirhugað frumvarp verði ekki úthlutað bætur að neinu tagi í aflamarki í grásleppu komi til kvótasetningar.

Greinargerð

Mjög leyfi hafa legið ónotuð í áraraðir niðri í skúffu og mörg þeirra tilheyra jafnvel dánarbúum. Það á ekki að hafa komið neinum á óvart að kvótasetning á grásleppu hefur verið lengi í umræðunni.

Það er skylda LS að verja hagsmuni sinna félagsmanna og ekki síst þeirra sem stundað hafa veiðarnar í áraraðir, áratugi, það er ótækt að slík leyfi fái einhverskonar bætur í aflamarki grásleppu sem mun skerða hlut þeirra sem stundað hafa veiðarnar.